

## 6. Tekið við afurðum

Þegar rekstraraðili tekur við framleiðsluvöru, eins og um getur í 1. gr., skal hann athuga hvort pakkningar eða gámur er lokaður, sé þess krafist, og hvort merkingar, sem um getur í 7. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, eru fyrir hendi. Rekstraraðilinn skal bera upplýsingarnar á merkimiðanum, sem um getur í 7. lið almennu ákvæðanna, saman við upplýsingarnar í fylgiskjölunum. Geta skal skýrt um niðurstöður þessarar sannpröfunar í bókhaldinu sem um getur í 6. lið almennu ákvæðanna.“

## AUGLÝSING

## um deiliskipulag við Tjarnarás í Stykkishólmi.

*Deiliskipulag leikskóla við Búðanesveg og fjögurra parhúsa við Tjarnarás.*

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, þann 26. maí 2005 deiliskipulag 4 deilda leikskóla við Búðanesveg og fjögurra einnar hæðar parhúsa við Tjarnarás í Stykkishólmi.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 6. júní 2005.*

**Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUR

## um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands.

## 1. gr.

*Almennt.*

Stúdentar sem hefja nám til fyrstu háskólagráðu í Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almennt er áskilið að stúdentspróf sé af bóknámsbraut, en deildir geta með samþykki háskólaráðs ákveðið að falla frá því skilyrði, svo sem nánar greinir í 3. – 13. gr. reglna þessara.

Um undanþágur frá skilyrðinu um stúdentspróf fer samkvæmt ákvæðum sameiginlegra reglna Háskólans og nánari ákvörðunum háskólaráðs.

Um inntökuskilyrði í nám á meistara- og doktorsstigi gilda sérreglur deilda, sem háskólaráð hefur sett og birtar eru í kennsluskrá og á vefsetrum deilda.

## 2. gr.

*Upplýsingar um inntökuskilyrði.*

Upplýsingum um inntökuskilyrði deildar skal komið á framfæri í kennsluskrá, á vefsetri háskólans og í kynningarefni til nýrra stúdenta. Skal skýrt tekið fram að inntökuskilyrði geti verið mismunandi milli deilda og námsgreina, þannig að skráning í eina deild eða námsgrein veiti ekki sjálfkrafa rétt til skráningar í aðra.

Við upplýsingagjöf um inntökuskilyrði í grunnnám skulu leiðbeiningar ennfremur veittar um frekari undirbúning sem deild telur æskilegan fyrir einstakar námsleiðir, með vísan til einingafjölda í tilteknum grunngreinum framhaldsskólanáms eða annarra atriða.

## 3. gr.

*Inntökuskilyrði í guðfræðideild.*

Til að hefja nám við guðfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af bóknámsbraut, með áherslu á íslensku, dönsku, ensku, sagnfræði og greinar félagsvísinda.

## 4. gr.

*Inntökuskilyrði í læknadeild.*

Til að hefja nám við læknadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Nemendur sem lokið hafa frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands) teljast uppfylla inntökuskilyrði deildarinnar vegna náms í geislafræði og lífeindafræði.

Stúdentar eru teknir inn í nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun á grundvelli inntökuprófs samkvæmt nánari reglum þar að lútandi. Inntökuprófið byggist að hluta á námsefni framhaldsskóla, en einnig reynir á almenna þekkingu, siðfræðilega afstöðu og rökhugsun.

## 5. gr.

*Inntökuskilyrði í lagadeild.*

Til að hefja nám við lagadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af bóknámsbraut eða jafngilt nám, með áherslu á kunnáttu og færni í íslensku máli.

## 6. gr.

*Inntökuskilyrði í viðskipta- og hagfræðideild.*

Til að hefja B.S.- og B.A.-nám við viðskipta- og hagfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi að mati deildarinnar. Raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands) og stúdentspróf að lokinni viðskiptabraut og viðbótarnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, teljast sambærileg stúdentsprófi af bóknámsbraut og nægja til inntöku í B.S.- og B.A.-nám í deildinni. Æskilegur undirbúningur er minnst 15 einingar í ensku. Einnig að minnsta kostir 15 einingar í stærðfræði ef nemandi hyggst stunda nám við hagfræðiskor, en 12 einingar í stærðfræði ef nemandi hyggst stunda nám við viðskiptaskor.

## 7. gr.

*Inntökuskilyrði í hugvísindadeild.*

Til að hefja nám við hugvísindadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskrá og kynningarefni til nýrra stúdenta.

## 8. gr.

*Inntökuskilyrði í verkfræðideild.*

Til að hefja nám við verkfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Nemendur sem lokið hafa vélstjórnarbraut 4. stigs við Vél-skóla Íslands eða raungreinadeildarprófi frá Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands)

teljast uppfylla inntökuskilyrði deildarinnar. Æskilegur undirbúningur undir nám í verkfræði er að minnsta kosti 24 einingar í stærðfræði og 30 einingar í náttúrufræðigreinum (þar af minnst 6 einingar í eðlisfræði). Undir nám í tölvunarfræði er æskilegur undirbúningur að minnsta kosti 21 eining í stærðfræði.

## 9. gr.

*Inntökuskilyrði í tannlæknadeild.*

Til að hefja nám við tannlæknadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknaðsbraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er góð þekking í líffræði og eðlis- og efnafræði.

## 10. gr.

*Inntökuskilyrði í félagsvísindadeild.*

Til að hefja nám við félagsvísindadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskra og kynningarefni til nýrra stúdenta.

## 11. gr.

*Inntökuskilyrði í raunvísindadeild.*

Til að hefja nám við raunvísindadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Við skráningu á námsleiðir deildarinnar, aðrar en landfræði og ferðamálafræði, er gerð krafa um eftirfarandi lágmark í einstökum greinum: Stærðfræði 21 eining og raungreinar samtals 30 einingar, þar af að minnsta kosti 6 einingar í eðlisfræði, 6 einingar í efnafræði og 6 einingar í líffræði.

Skorti 8 einingar eða minna á að lágmarkskröfum skv. 1. mgr. sé fullnægt, getur raunvísindadeild engu að síður heimilað nemanda að hefja námið, en deildinni er þá heimilt að setja skilyrði um að nemandinn ljúki námi í tilteknum greinum sem á vantar sem fyrst eftir skráningu í raunvísindadeild eða samhliða námi sínu í deildinni.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands) nægir til inngöngu í raunvísindadeild til jafns við stúdentspróf, enda sé fullnægt skilyrðum um lágmarkskröfur í einstökum greinum.

## 12. gr.

*Inntökuskilyrði í lyfjafræðideild.*

Til að hefja nám við lyfjafræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknaðsbraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af náttúrufræðibraut með efnafræði sem kjörsvið.

## 13. gr.

*Inntökuskilyrði í hjúkrunarfræðideild.*

Til að hefja nám við hjúkrunarfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi af bóknaðsbraut, stúdentsprófi með viðbótarnámi eftir sjúkraliðabraut eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Allir nemendur skulu hafa lokið áfanganum Efnafræði 103, og stúdentar af sjúkraliðabraut skulu auk þess hafa lokið að minnsta kosti 15 einingum í íslensku, 6 einingum í stærðfræði og 9 einingum í ensku. Æskilegur undirbúningur er meðal annars áfangar í félags- og sálarfræði sem og í líffræði, lífeðlisfræði og efnafræði.

## 14. gr.

Reglur þessar hefur háskólaráð sett á grundvelli tillagna viðkomandi háskóladeilda og með vísan til 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. 46. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

Reglurnar öðlast þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta frá og með háskólaárinu 2005 – 2006.

*Háskóla Íslands, 30. maí 2005.*

**Páll Skúlason.**

---

*Pórður Kristinsson.*

**REGLUGERÐ**

**um gildistöku reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður og um að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 295/91.**

## 1. gr.

Reglugerð nr. 261/2004/EB um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður og um að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 295/91, sem vísað er til í 68 ab. lið XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2004 frá 3. desember 2004, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XIII. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

## 2. gr.

Flugmálastjórn Íslands er sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar samanber 16. gr. reglugerðar nr. 261/2004/EB.

## 3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, sbr. 20. gr. laga nr. 21/2002.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 126. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, sbr. 3. gr. laga nr. 88/2004, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð EBE nr. 295/91 sem tók gildi með auglýsingu nr. 567/1993 í B-deild Stjórnartíðinda.

*Samgönguráðuneytinu, 10. maí 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*